

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 626/2004/EB

frá 31. mars 2004

um breytingu á ákvörðun nr. 508/2000/EB um að innleiða áætlunina Menning 2000

(Texti sem varðar EES)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
151. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í
251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 508/2000/EB frá 14. febrúar 2000 um að innleiða áætlunina Menning 2000 ⁽³⁾ var tekinn upp einn gerningur um fjármögnun og áætlanir um samvinnu á sviði menningarmála fyrir tímabilið 1. janúar 2000 til 31. desember 2004.
- 2) Mikilvægt er að tryggja samfelldni í aðgerðum Bandalagsins á sviði menningarmála við framkvæmd skyldna Bandalagsins skv. 151. gr. sáttmálans.
- 3) Áætlunin Menning 2000 skal því framlengd um tvö ár til 31. desember 2006.
- 4) Endurskoðun draga að fjárhagsáætlun með tilliti til rýmkunar kveður á um hækkingu efri marka í 3. lið sem löggjafarvaldið verður að virða þegar yfirstandandi áætlanir eru framlengdar.
- 5) Grundvallaratriði er að framkvæmdastjórnin leggi fram fullkomna og ítarlega matsskýrslu um áætlunina Menning 2000 fyrir 31. desember 2005 til að gera Evrópuþinginu og ráðinu kleift að fjalla um tillögu að

nýrri rammaáætlun um aðgerðir Bandalagsins á sviði menningarmála, sem tilkynnt var um 2004 og áætlað er að taki gildi 2007.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 508/2000/EB:

1. í fyrstu málsgrein 1. gr., komi dagsetningin 31. desember 2006 í stað 31. desember 2004,
2. í 3. gr., 1. mgr, komi 236,5 milljónir evra í stað 167 milljóna evra.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. janúar 2005.

Gjört í Strassborg 31. mars 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 23, 27.1.2004, bls. 20.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 16. desember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 8. mars 2004.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 63, 10.3.2000, bls. 1.